


[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi 22.02.2018]

STARFSEMI	STEFNUÁHERSLUR	UMBOÐ STJÓRNAR TIL STJÓRNENDA
<p>KJARNASTARFSEMI Með starfsemi sinni veitir ON viðskiptavinum sínum aðgang að áreiðanlegu framboði af umhverfisvænni orku á samkeppnishæfu verði.</p> <p>HLUTVERK Að skapa verðmæti úr orkulindum með ábyrgum hætti í þágu viðskiptavina og samfélagsins.</p> <p>FRAMTÍÐARSÝN Framsækið orkufyrirtæki sem veitir framúrskarandi þjónustu og er til fyrirmyndar í nýtingu náttúrunnar.</p>	<p>ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA Til þess að tryggja stöðu ON sem framsækins orkufyrirtækis sem veitir framúrskarandi þjónustu.</p> <p>SKILVIRKUR OG HAGKVÆMUR REKSTUR Til þess að tryggja áreiðanlegt framboð af umhverfisvænni orku á samkeppnishæfu verði.</p> <p>TIL FYRIRMYNDAR Í NÝTINGU NÁTTÚRUNNAR Með framsýni í orkuöflun er treystur grundvöllur lífsgæða, þróunar atvinnulífs og umhverfisvænna samfélags og um leið stutt við framtíðarstöðu ON á markaði. Fullnýting auðlinda með arðsamri viðskiptaþróun hámarkar verðmæti orkulinda fyrirtækisins. Tryggja gott orðspor með því að umgangast náttúruna af alúð og virðingu.</p> <p>EFTIRSÓKNARVERÐUR VINNUSTAÐUR Til þess að laða að hæfasta starfsfólkið og hvetja til frumkvæðis og ábyrgðar.</p>	<p>MARKAÐIR ON sé samkeppnishæft orkufyrirtæki sem veitir framúrskarandi þjónustu og er leiðandi á smásölumarkaði. Markaðsáherslan einkennist af samkeppnishæfu verði, ráðgjöf, persónulegum samskiptum, frumkvæði og miðlun upplýsinga.</p> <p>Markaðssvæði ON er er allt landið.</p> <p>ORKUÖFLUN ON viðheldur framleiðslugetu núverandi virkjanasvæða til framtíðar og kannar tækifæri til framþróunar í orkuframleiðslu í núverandi virkjunum og virkjanasvæðum. ON mun leita leiða til að mæta dægursveiflum.</p> <p>ON framleiðir heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið og leitast við að uppfylla framtíðarþarfir þess fyrir heitt vatn.</p> <p>FJÖLNÝTING OG VIÐSKIPTAÞRÓUN ON mun þróa hugmynd að jarðhitagarði við Hellsheiðarvirkjun til að geta selt þar alla auðlindastrauma frá virkjuninni, selja sérfræðilækkingu og viðhaldsaðstöðu og hvetja til útivistar á landsvæðum í umsjón fyrirtækisins.</p>

GILDI: FRAMSÝNI | HAGSÝNI | HEIÐARLEIKI

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi 22.02.2018]



Heildarstefna ON byggist á heildarstefnu móðurfélags og eigendastefnu OR.

Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.